Nr. 2.
25.
febrúar.

# Hafnarreglugjörð

fyrir

## Seyðisfjarðar kaupstað.

### I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatals, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins, er þau í fyrsta sinn á árinu leggjast á höfnina, eptir að þau hafa komið frá Danmörku eða útlöndum. Þrjú næstu skiptin, er þau á sama ári leggjast á höfnina, greiða þau hálft hafnargjald í hvert skiptið, en komi þau optar á sama ári, skulu þau ekkert gjald greiða. Skip, er fara aðeins milli hafna á Íslandi, greiða einnig 5 aura í hafnargjald af hverri smálest, en aðeins þá er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni. Gjald þetta rennur í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.

Þá er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 5 aura af hverri smálest skipsins.

Framangreind gjöld skal þá greiða, er skipið leggst fyrir innan beina stefnu frá Grýtá í Grjótgarða.

Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.

### II. Um undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemmtiskip, hverrar þjóðar sem eru.
2. Öll skip danskra þegna, sem að fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgjörð snertir, og
3. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemmda, enda þótt farmur þeirra hafi úr þeim verið fluttur, ef þau aptur flytja burt farminn og eigi annað.

# Havnereglement

for

## Seydisfjord Købstad.

Nr. 2.
25de
Februar.

### I. Havnepenge.

Af alle Fartøjer (med de nedenfor anførte Undtagelser), som ere ansatte til Drægtighed, hvad enten de ere bestuvede med Gods, ballastede eller tomme, betales, naar de efter at være ankomne fra Danmark eller Udlandet første Gang i Aarets Løb ankre op paa Havnen, i Havnepenge 5 Øre for hver Ton af Skibets fulde Drægtighed. Hver af de følgende 3 Gange, de i samme Aar ankre op paa Havnen, erlægges halv Afgift, og komme de tiere i samme Aar, erlægges ingen Afgift. Skibe, der kun sejle mellem islandske Havne, betale ligeledes 5 Øre pr. Ton, men kun første Gang de i Aarets Løb ankre op paa Havnen. Havnepengene tilfalde Seydisfjord Havnekasse.

Naar Fartøjet lader eller losser paa Havnen, betales der endvidere for hver Ton 5 Øre.

Ovenanførte Afgifter erlægges, naar Skibet ankrer indenfor en lige Linie fra Grytaa til Grjotgardar.

Afgiften erlægges ogsaa af Fartøjer, som søge Havn paa Grund af Isdrift, Storm eller deslige.

### II. Fritagelse for Havneafgift.

Fritagne for Havneafgift ere:

1) alle Orlogsskibe og Lystfartøjer, til hvilken Nation de end høre.

2) alle danske Undersaatter tilhørende Fartøjer, som gaa paa Fiskeri under Islands Kyster, for saa vidt de hverken losse eller lade andet, end hvad der vedrører deres Fangst og Udrustning, samt

3) Fartøjer, der søge Havn formedelst Søskade, selv om deres Ladning maatte have været oplosset, hvis de igen udføre hele den indbragte Ladning og ikke andet.

Nr. 2.
25.
febrúar

### III. Seglfesta.

Seglfestu má eigi taka í landi bæjarins, annarstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir.

Eigi má kasta út seglfestu á höfninni, nje flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Hafnarreglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1897, og skal endurskoða hana fyrir 1. janúar 1906.

*Í stjórnarráði Íslands, 25. febrúar 1897.*

*Rump.*

*Ólafur Halldórsson.*

### III. Ballast.

Ballast maa ikke tages paa Byens Grund undtagen paa de Steder, som Politimesteren dertil anviser.

Ballast maa ikke udkastes paa Havnen og heller ikke oplægges paa Byens Grund uden Politimesterens Samtykke.

Nærværende Reglement træder i Kraft den 1ste Juli 1897, og bliver at undergive en Revision inden 1ste Januar 1906.

**Ministeriet for Island, den 25de Februar 1897.**

*Rump.*

---

*Ólafur Halldórsson.*